

**31. fundur umhverfisnefndar haldinn 29.07.2019 kl. 16:00 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk 20.**

Fundinn sátu Bryndís Eir Þorsteinsdóttir formaður, Pétur Reynisson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Thelma Rós Kristinsdóttir og Sigrún Árnadóttir. Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**DAGSKRÁ.**

**1. Val á fegurstu görðum Hveragerðis**

Eftirtaldir garðar voru valdir fegurstu garðar Hveragerðisbæjar árið 2019:

Heiðmörk 28 í eigu Sigurlínar Guðjónsdóttir

Dynskógar 4 í eigu hjónanna Gísla J. Gíslasonar og Hólmfríðar Skaftadóttur

Laufskógar 23 í eigu Guðlaugar B. Björnsdóttur

**2. Í átt að hringrásarhagkerfi – stefna umhverfis og auðlindaráðherra í úrgangsmálum**

Umhverfisnefnd fagnar útkomu þessarar skýrslu enda er hún skilmerkilega unnin og greinargóð. Úrgangsmál eru mikilvægur hluti af umhverfismálum heimsins þar sem úrgangur getur valdið mengun og verið sóun á auðlindum sé hann ekki rétt meðhöndlaður. Á Íslandi fellur til meira af úrgangi en í flestum þeim samfélögum sem við viljum bera okkur saman við. Sorglega mikið af þessum úrgangi fer til urðunar og verður þar engum til gagns en umhverfinu til ógagns.

Í stefnu Umhverfisráðherra er farið yfir stöðuna og greint hvernig landsmenn standa sig í meðhöndlun flestra gerða úrgangs. Þar kemur í ljós að á mörgum sviðum er ástandið gott og núverandi markmiðum sem og framtíðarmarkmiðum náð. Á öðrum sviðum er núverandi markmiðum náð en bæta þarf ástandið til að framtíðarmarkmið náist. Á enn öðrum sviðum nást ekki núverandi markmið og þaðan af síður framtíðarmarkmið.

Séu niðurstöðurnar bornar saman við ástandið hér í bæ kemur í ljós að á mörgum sviðum standa Hvergerðingar sig vel og ná fleiri núverandi og framtíðarmarkmiðum en Íslendingar að meðaltali. Betur má samt ef duga skal því enn fer of mikið af úrgangi til urðunar frá Hveragerði. Umhverfisnefnd telur því nauðsynlegt að stjórnvöld í Hveragerði taki fullan þátt í þessi stefnu sem boðuð er af umhverfisráðherra.

Fundargerð var samþykkt samhljóða og fundi slitið kl: 20.45

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Sigrún Árnadóttir

Sigrún Árnadóttir

Pétur Reynisson

Pétur Reynisson

Thelma Rós Kristinsdóttir

Thelma Rós Kristinsdóttir

Höskuldur Þorbjarnarson

Höskuldur Þorbjarnarson